

Guðmundur F Baldursson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hveragerðisbæjar  
Sunnmörk 2  
810 Hveragerði



Reykjavík, 9. september 2014  
Tilvísun: UST20140900045/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi. Lystigarðurinn Fossflöt Hveragerðisbæ

Vísað er til skipulags- og byggingarfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 4. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lystigarðsins Fossflatar í Hveragerði. Í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að lystigarðurinn Fossflöt liggur meðfram gilbarmi Varmár og er garðurinn vel gróinn almenningsgarður, vinsæll og nýttur allt árið.

#### Náttúruminjar

Garðurinn er að stórum hluta inni á svæði nr. 751 á náttúruminjaskrá, einnig er hluti svæðisins á hverfisvernduðu svæði. Þar sem um náttúruminjasvæði er að ræða bendir stofnunin á mikilvægi þess að forðast allt óþarfa rask þegar framkvæmdir fara fram.

#### Markmið deiliskipulags

Markmið deiliskipulags lystigarðarins er að bæta aðstöðu á svæðinu. Í garðinum er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir 80 m<sup>2</sup> hús, sem er skilgreint sem verslun og þjónusta. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vanda vel til hönnunar hússins og umhverfis þess og að form og litir falli vel að umhverfinu.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt  
Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur